

Mál nr 9/2017

Ár 2017, miðvikudaginn 13. september, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 9/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 27. mars 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 8. júní 2017 og henni gefinn frestur til 6. júlí til að skila inn andmælum. Siðanefnd móttók andsvar kærðu, sem dagsett var 21. júní. Afrit þess var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Taldi siðanefnd að öll gögn er máli skiptu væru fram komin og ákvað að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 14. desember 2016 var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 14. ágúst 2016. Við pörunina var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Shih Tzu og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða mótmælti kæru og svaraði því til að tíkin hefði verið augnskoðuð 4. september 2016. Það hefði verið hægt að augnskoða tíkina fyrr en það ekki gert því ekki hefði legið fyrir hvort hún yrði pöruð. Þá gagnrýndi kærða hve seint kæran hefði komið fram og átalði orðalag bréfsins.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdyr segir um hundakynið Shih Tzu:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.06.2010). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Þeir hundar sem eru nú þegar í ræktunarbanni, geta sótt um undanþágu frá banninu eftir nánara

samkomulagi við stjórn deildarinnar hafi þeir náð 3 ára aldri, augnskoðaðir „hreinir“ og eru góðir fulltrúar tegundarinnar.

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörunin átti sér stað var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggja fyrir við pörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm.

Tíkin var síðan augnskoðuð eftir að pörun fór fram, eða hinn 4. september 2016 og til allra heilla stóðst hún skoðun. Siðanefnd telur það þó ekki breyta brotinu að tíkin hafi staðist augnskoðun eftirá, það var ekki fyrir séð.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá telur siðanefnd hæfilegt að áminna kærðu að þessu sinni.

IV. Niðurstaða.

Kærða, Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir